**Heilbrigðiseftirlit Vesturlands**
**Innrimel 3, 301 Akranes**
**kt. 550399-2299**
**Símar: 4312740 og 4312750**
**netf: heilbrigdiseftirlit@vesturland.is**

Hvalfjarðarsveit, 19. desember 2016.

Akraneskaupstaður
Sviðsstj. stjórnsýslu- og fjármálasviðs
Steinar Adolfsson
Stillholti 16-18
300 Akranes
Netf: steinar.adolfsson@akranes.is

Heilbrigðisnefnd Vesturlands (HeV) hefur móttekið bréf Akraneskaupstaðar, dags. 02.12.2016, þar sem óskað er umsagnar vegna ákvörðunar um sorpgjöld (hirða og eyðing) á Akranesi fyrir árið 2017. Drög að gjaldskránni verða lögð fyrir bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hinn 13. desember 2016.
Með erindinu fylgdi greinargerð um hirðu og eyðingu sorps á Akranesi, drög að gjaldskrá, fjárhagsáætlun fyrir rekstur gámastöðvar (Gámu) og rekstrar- og framkvæmdayfirlit um sorphirðumál á Akranesi, og úrskurður (14.04.2016) úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála um sorphirðu- og sorpeyðingargjöld á Akranesi 2016. Þá fylgdi erindinu framlenging á sorphirðusamningi við Íslenska Gámafélagið ehf. Samningurinn var undirritaður hinn 28. nóvember 2016 af fulltrúum Akraneskaupstaðar og Borgarbyggðar f.h. kaupenda og Íslenska Gámafélagsins ehf. f.h. seljanda og gildir til 1. september 2017.

Á stjórnarfundi heilbrigðisnefndar Vesturlands fyrr í dag samþykkti nefndin eftirfarandi bókun:
***HeV telur að efnisatriði gjaldskrárinnar séu í fullu samræmi við ákvæði samþykktar um meðhöndlun úrgangs á Akranesi nr. 1231/2005 og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gerir því ekki athugasemdir við hana.***

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

f.h. heilbrigðisnefndar Vesturlands

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTURLANDS

framkv.stj. heilbrigðiseftirlits.

3. Akranes umsögn HEV um gjaldskrá sorphirðu og -eyðingar 2017 D16.docx